



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

746. fundur

Árið 2019, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 14. ágúst, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Einar Jón Pálsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 1. Sóknaráætlun Suðurnesja.**
Fulltrúar Capacent Héðinn Unnsteinsson, Ásdís Sigurbergsdóttir og Snædís Helgadóttir kynntu fyrir stjórn S.S.S. tillögu að verkáætlun við gerð nýrrar Sóknaráætlun fyrir Suðurnes. Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að undirrita samning við Capacent vegna vinnu við gerð nýrrar Sóknaráætlunar.
- 2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v. yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftlagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, dags. 26.06.2019.**
Lagt fram.
- 3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga v. álagsprósenta fasteignaskatts, dags. 26.06.2019.**
Lagt fram.
- 4. Afrit af minnisblaði frá Samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytinu v. almenningsamgangna á milli byggða (rekstarform), dags. 25.06.2019.**
Stjórn S.S.S. lýsir yfir vonbrigðum með tillögurnar sem koma fram í minnisblaðinu þar sem fram kemur tillaga um að ríkið og sveitarfélögin stofni félag um almenningsamgöngur á Íslandi. Ekki er búið að kostnaðarmeta verkefnið en verkefnið er háð fjármagni sem Alþingi samþykkir á fjárlögum hverju sinni. Fram kemur í minnisblaðinu að komi til hallareksturs bera eigendur félagsins sameiginlega ábyrgð og þurfa sveitarfélögin þar með að greiða 49% komi til halla af rekstri félagsins um almenningsamgöngur, sem í dag eru á ábyrgð ríkisins.

H. H. *1*
K.P. *E. P.*



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

5. Byggðaaætlunar 2018-2024. C14 Samstarf safna – ábyrgðarsöfn.
 - a) Tölvupóstur frá Sveitarfélaginu Vogum, dags. 08.07.2019.
 - b) Svarbréf frá Reykjanesbæ, dags. 04.07.2019.
 - c) Svarbréf frá Suðurnesjabæ, dags. 10.07.2019.

Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.


6. Undirbúningur aðalfundar 2019.

Stjórn S.S.S. lagði drög að dagskrá en fundurinn verður haldinn í Reykjanesbæ daganna 13.-14. september.

7. Önnur mál.

Næsti fundur stjórnar verður þann 29. ágúst kl.8:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.


Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Einar Jón Pálsson


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir